



HAMPIÐJAN
UMHVERFIS
SKÝRSLA
2020





UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla 2020

Ávarp

Umhverfismál skipta okkur sífellt meira máli því mikilvægt er að vernda umhverfi okkar á margvíslegan hátt. Loftslagsmálin eru þar afar mikilvæg því breytingar á hitastigi loftslags og sjávar geta haft mikil áhrif á lífsskilyrði manna og dýra og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Stöðugleiki er mikilvægur og ef að hann raskast mikið þá getur orðið erfitt að ná jafnvægi aftur. Það er ekki á valdi eins einstaklings, fyrirtækis eða ríkis að tryggja jafnvægi því árangri verður einungis náð ef allir leggja sitt lóð á vogarskálina.

Umhverfismál snúast ekki eingöngu um lofthita og hækkun hans því vernda verður auðlindir jarðar. Auðlindir jarðarinnar eru takmarkaðar og því er mikilvægt að öll notkun okkar á efnum, orkugjöfum og lífríkinu verði sjálfbær til allrar framtíðar. Tryggja þarf góð lífsskilyrði og sjá til þess að fæðuframboð verði nægjanlegt fyrir sívaxandi mannfjölda jarðarinnar.

Við hjá Hampiðjunni gerum okkur fulla grein fyrir okkar ábyrgð hvað umhverfismál varðar og viljum leggja okkar af mörkum til að stuðla að sjálfbærni starfseminnar. Við leggjum einnig mikla áherslu á að þróa lausnir sem tryggja betri nýtingu á lífríki sjávar og góðri umgengni um fiskistofnana sem eru afar mikilvæg uppspretta fæðu fyrir okkur mannfólkið.

Umhverfisstefna Hampiðjunnar var mótuð á síðasta ári og þar eru ekki eingöngu tilgreind markmið um að minnka umhverfisáhrif starfseminnar heldur einnig hvernig við munum vinna að því að ná þeim markmiðum.

Umhverfisstefnan, sem var samþykkt af stjórn Hampiðjunnar þann 26. ágúst 2020, er skýr og tekur á þeim þáttum sem við getum haft áhrif á.

Umhverfisstefna Hampiðjunnar

Umfang og markmið

Umhverfisstefnan er mörkuð fyrir Hampiðjuna hf. og jafnframt því

að gilda fyrir móðurfyrirtækið þá verður hún stefnumarkandi fyrir dótturfyrirtæki Hampiðjunnar víða um heim. Starfsmenn og stjórnendur innan samstæðunnar bera ábyrgð á því að kynna sér umhverfisstefnuna og vinna eftir henni. Þessi umhverfisstefna er staðfesting á því að fyrirtækið vinnur að því markmiði að draga úr öllum neikvæðum umhverfisáhrifum af daglegri starfsemi.

Starfsmenn

- Auka vitund starfsmanna um umhverfismál og þýðingu þeirra.
- Hvetja starfsmenn til þess að nýta sér umhverfisvænni samgöngur.

Veidarfærahönnun

- Áhersla verði á veiðarfærahönnun sem lágmarkar kolefnisspor veiðiskipa og veiðarfærataekni sem stuðlar að betra stærðar- og tegundarvali fisks.
- Hanna veiðarfæraefni og veiðarfæri þannig að



Vel var mætt í strandhreinsun Selvogsfjörú og fjaran vandlega hreinsuð. Afraksturinn var 4.3 tonn.



Starfsmenn Hampiðjunnar ásamt sjálfboðaliðum Seeds að loknu góðu dagsverki.

endurvinnsla að loknum notkunartíma verði sem auðveldust.

Endurvinnsla

- Flokka allan úrgang til að lágmarka það sem fer til urðunar.
- Stuðla að endurvinnslu á þeim efnum sem falla til við vinnslu á framleiðsluvörum fyrirtækisins.
- Endurnýta eftir föngum pökkunarefni og umbúðir.
- Draga úr pappírnotkun og tryggja að það sem notað er af pappír skili sér til endurvinnslu.
- Aðstoða útgerðaraðila og viðskiptavini við flokkun notaðra veiðarfæra og koma sem mestu af þeim til endurvinnslu.

Undirritun samstarfssamnings við Bláa herinn. F.v. Jón Oddur Davíðsson framkvæmdastjóri, Hjörtur Erlendsson forstjóri, Tómas Knútsson hershöfðingi og Emil Viðar Eypórssón fjármálastjóri.

Umhverfi

- Stydja við hreinsunastörf á ströndum og á hafi úti.
- Reikna út heildstætt losun á gróðurhúsalofttegundum innan samstæðunnar og setja markmið um hlutfallslega minnkun ár hvert.
- Stefna að ISO 14001 vottun móðurfyrirtækisins fyrir lok 2021 og annarra fyrirtækja innan samstæðunnar fyrir lok 2025.

Leiðir að markmiðunum

- Stofna umhverfisnefnd og mun nefndin hafa það hlutverk að sinna fræðslu um umhverfismál fyrir starfsfólk Hampiðjunnar til þess að auka umhverfisvitund þeirra.
- Koma á laggirnar grænu bókhaldi til að reikna kolefnisspor fyrirtækisins.





UMHVERFISSKÝRSLA

Ábyrgð

Forstjóri skal bera ábyrgð á framkvæmd umhverfisstefnunnar og endurskoðun hennar reglulega og þegar þess þarf. Allir starfsmenn Hampiðjunnar skulu fylgja umhverfisstefnunni og hafa hana að leiðarljósi við starf sitt.

Umhverfisskýrsla

Á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skal gefa út umhverfisskýrslu fyrir liðið ár.

Verkefni sem unnið var að 2020

Undirbúningsvinna við umhverfisstefnu

Á árinu var miklum tíma varið í undirbúningsvinnu fyrir umhverfisstefnu Hampiðjunnar til þess að gera stefnu okkar í umhverfismálum skýra og greinargóða. Haldnar voru tvær vinnustofur þar sem að umhverfismál Hampiðjunnar voru rýnd, en þar var m.a. gerð SVÓT greining á Hampiðjunni.

Samstarfssamningur við Bláa herinn

Hampiðjan gerði samstarfssamning við umhverfisverndarsamtökin Blái herinn, en hann berst fyrir málefnum plastmengun í hafinu með hreinsunarstörfum, hvatningu og vitundarvakningu. Með samstarfssamningi þessum mun Hampiðjan styrkja Bláa herinn um 2,4 milljónir árlega og verða því jafnframt einn af aðalstyrktaraðilum Bláa hersins.



Hluti af botntrolli sem rekið hefur á land var fjarlæggt úr Selvogi og sent í endurvinnslu.

Strandhreinsun Bláa hersins og Hampiðjunnar

Hampiðjan og Blái herinn standa einu sinni ári saman að strandhreinsun með starfsmönnum Hampiðjunnar. Á árinu var fjara austan Selvogsvita valin og alls tínd 4,3 tonn af rusli, plasti og veiðarfæraefni. Alls tóku 50 starfsmenn og fjölskyldumeðlimir þeirra þátt í hreinsuninni ásamt forseta Íslands, Guðna

Th. Jóhannessyni og Hildi Hauksdóttur, sérfræðingi í umhverfismálum hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) sem slóust í för með okkur að þessu sinni og gáfu ekkert eftir. Hampiðjan hefur undanfarin tvö ár slegið þessum degi upp í fjölskyldudag sem hefur í bæði skiptin verið vel heppnaður. Árið á undan var fjara við Herdísarvík á Reykjanesi hreinsuð.



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og Hjörtur Erlendsson draga kaðladræsu úr fjörunni við Selvog.



Hrein og falleg fjara á Snæfellsnesi.

Flokkun á skrifstofum

Það eru ekki eingöngu stóru verkefni sem skipta máli því huga verður að bæði stóru og smáu. Við tókum því umhverfismál okkar á kaffistofum og skrifstofum starfsstöðva föstum tókum strax í upphafi árs 2020 og endurskipulögðum flokkunaradferðir. Ruslatunnur voru fjarlægðar frá skrifborðum ásamt því að lífrænn úrgangur, pappi, plast og málmar er nú flokkað sérstaklega, allt gert með það markmið í huga að urða minna og flokka meira.

Þróun veiðarfæra

Hampiðjan hefur ávallt hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi þegar kemur að vali á veiðarfærum. Veiðarfæri eru í stöðugri þróun til þess að gera þau léttari í drætti og minnka þannig eld-sneytiseyðslu skipa og til að lágmarka snertingu við hafsbótinn. Rétt val á veiðarfærum skiptir miklu máli, en veiðarfæri okkar eru úr sterkum og vönduðum efnum sem hafa langan líftíma. Það ásamt léttleikanum minnkar kolefnisfótsporið í framleiðslunni út líftímann.

Móttaka notaðra veiðarfæra

Hampiðjan hefur í langan tíma tekið á móti öllum veiðarfæraúrgangi sem kemur frá útgerðar-

fyrirtækinu Brim ásamt nokkrum öðrum aðilum og flokkað endurvinnanleg efni frá og komið í endurvinnslu eða endurnýtingu þar sem því er við komið. Það lágmarkar það sem þarf að fara í urðun og stuðlar að sjálfbærni.

Veiðarfæraúrgangur sem hægt er að endurvinna er sendur til endurvinnslufyrirtækja í Danmörku eða Litháen eftir því hvaða efni er um að ræða. Þar eru efnin hökkuð niður og þvegin og síðan endurbredd og búin til plastkorn sem henta í ýmsa plastframleiðslu.

Eftir því sem hægt er þá eru efni endurnýtt. Athyglisvert dæmi um það eru loðnu- og síldarnótanet sem eru nýtt til að verjast grjóthruni á byggingarsvæðum þar sem grafið er eða sprengt fyrir grunnnum

bygginga. Mikið af slíku neti var m.a. notað við byggingu nýja Landspítalans við Hringbraut.

Öllum tölum yfir útflutt magn af veiðarfæraúrgangi er skilað til Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) sem síðan sér um að koma þeim upplýsingum áfram til Úrvinnslusjóðs.


Greining á úrgangi sem fellur til á Íslandi

Greinarmunur er gerður á þeim úrgangi sem fellur til við starfsemi Hampiðjunnar við framleiðslu og viðhald veiðarfæra og þeim veiðarfæraúrgangi sem fyrirtækið tekur að sér að flokka fyrir viðskiptavinum sína. Viðskiptavinir Hampiðjunnar gera svo grein fyrir þeim úrgangi í sínum umhverfisskýrslum. Magnið og skiptingin hér fyrir neðan er því eigin úrgangur Hampiðjunnar.

Þar sem 2020 var fyrsta árið þar sem úrgangur var flokkaður og unnið að því að flokka betur þá er hlutur óflokkaðs úrgangs hlutfallslega hár, en stefnt er að því að ná fram nákvæmari flokkun 2021.

Heildarúrgangur ársins var 50.938 kg og skiptist hann á efirfarandi hátt:

Flokkur	Magn	Magn í %
Lífrænn úrgangur	1.374 kg	2,7%
Plast	947 kg	1,9%
Pappír	860 kg	1,7%
Steinefni	350 kg	0,7%
Pappír og plast (blandað)	760 kg	1,5%
Litað timbur	3.121 kg	6,1%
Bretti	2.400 kg	4,7%
Óflokkaður úrgangur	20.867 kg	41,0%
Ólitað og hreint timbur	11.064 kg	21,7%
Kefli	5.600 kg	11,0%
Bylgjupappi	3.595 kg	7,1%
Samtals	50.938 kg	100,0%




UMHVERFISSKÝRSLA

Hlutfall þess úrgangs sem er endurnýtanlegur og hæfur til endurvinnslu er tæp 56% og fara því rúm 44% í urðun.

Það sem fer í urðun er óflokkaður úrgangur og er hann 20.867 kg ásamt lífrænum úrgangi 1.374 kg og steinefnum sem eru 350 kg.


Trékeflin eru send til Hampidjan Baltic í Litháen þar sem fyllt er á þau aftur.

Skipting úrgangs



Með betri flokkun virðist vera hægt að auka það hlutfall sem fer í endurvinnslu.

Endurvinnsla, endurnýting og urðun




Strandhreinsun með Bláa hernum f.v. Hjörtur Erlendsson forstjóri, Hildur Hauksdóttir sérfræðingur SFS í umhverfismálum, Tómas Knúttsson forstöðumaður Bláa hersins.



Sá hluti úrgangs sem hæfur er til endurvinnslu skiptist á eftirfarandi hátt á efnisflokkum:

Úrgangur sem fer til endurvinnslu



Eins og áður sagði þá eru notuð veiðarfæri, sem eru flokkuð fyrir viðskiptavinum ásamt málmum, ekki hluti af úrgangi Hampiðjunnar en í þessu samhengi er áhugavert að sjá hvaða magn er um að ræða og var flokkað á árinu.

Úrgangur sem við komum í endurvinnslu fyrir viðskiptavinum okkar, en telst ekki sem úrgangur Hampiðjunnar





UMHVERFISSKÝRSLA

Kolefnissporið 2020

Umhverfisþættir Hampiðjunnar á Íslandi snúa að úrgangi, flutningi vara, rafmagnsnotkun, vinnuferðum starfsmanna, eldsneyti á bíla hjá fyrirtækinu og akstri starfsmanna til og frá vinnu.


Ekki eru allar starfsstöðvar sem að nota heitt vatn til upphitunar, en Hampiðjan í Neskaupstað og á Ísafirði nota rafmagn til upphitunar. Stærsta starfsstöð Hampiðjunnar er í Reykjavík og notar því mest af heitu vatni og rafmagni af öðrum starfsstöðvum.

Á öllum starfsstöðvum Hampiðjunnar er úrgangur flokkaður eins, en það er gert til þess að hafa góða yfirsýn og gagnsæi yfir flokkunarmálin. Eldsneytisnotkun Hampiðjunnar skiptist í tvo hluta, annars vegar eldsneytisnotkun á fyrirtækjabíla og hins vegar keyrslu starfsmanna til og frá vinnu.

Á árinu 2020 var verkfræðistofan Efla fengin til þess að gera ferðavenjുകönnun til þess að sjá eldsneytisnotkun og losun á CO₂ starfsfólks til og frá vinnu.

Meginframleiðsla Hampiðjunnar er í Litháen og því er flutningur einn af stærstu umhverfisþáttum fyrirtækisins. Til þess að lágmarka kostnað og losun á CO₂ eru vörur nánast einungis sendar með sjóflutningi og bara með fraktflugi ef nauðsyn krefur og afhendingartími til viðskiptavina er knappur. Þegar varan er komin til landsins er áframflutningur yfirleitt landleiðina.

Skipting á heildarlosun CO₂ sem nam 391 tonnum árið 2020



Losun CO₂ vegna flutnings

